



## Fundargerð

**Svæðisráð vestursvæðis - 85. fundur svæðisráðs vestursvæðis haldinn í Hrauneyjum, 30. júní 2020, kl. 11:00.**

### Fundinn sátu:

Ásta Berghildur Ólafsdóttir, formaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Ásahrepps, Árni Pétur Hilmarsson, varaformaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Þingeyjarsveitar, Ingibjörg Eiríksdóttir, aðalfulltrúi umhverfisverndarsamataka, Karl Ingólfsson, aðalfulltrúi Samtaka útivistarfélaga, Sveinn Hreiðar Jensson, aðalfulltrúi Ferðamálasamtaka Suðurlands, Jóna Björg Hlöðversdóttir, varafulltrúi Þingeyjarsveitar, Fanney Ásgeirsdóttir, þjóðgarðsvörður, Jóna Björk Jónsdóttir, aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar.

Stuttur fundur, haldinn í framhaldi sameiginlegs fundar stjórnar, svæðisráðs og sveitarstjórnarmanna.

### 1. Fundaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs 2020 - 1911001

Skipulag og kostnaðarskipting varðandi fundi svæðisráðs

*Farið yfir kostnaðarskiptingu vegna fundarhalda svæðisráðs. Nauðsynlegur ferðakostnaður er endurgreiddur af VJP en laun fyrir fundarsetu eru greidd af viðkomandi sveitarfélagi/félagasamtökum.*

*Rætt um að þegar fundir eru á zoom, séu allir á zoom. Ekki húa saman hóp og svo séu einhverjir á zoom. Virkar mjög illa þannig.*

*Ákveðið að varamenn fá líka alltaf sent fundarboð með dagskrá fundar, svo þeir séu upplýstir.*

*Næstu fundir svæðisráðs eru 26. ágúst og 23. september. Stefnt að ferð í Vonarskarð þann 26. ágúst.*

### 2. Vestursvæði - styrkir o.fl - 1805021

Styrkur fékkst hjá Vinum Vatnajökuls fyrir skoðunarferð svæðisráðs vestursvæðis, til að kynna sér fræðslusýningar, í undirbúningi þess að hanna þarf sýningu fyrir nýja gestastofu við Kirkjubæjarklaustur.

*Umræða um sýningar og væntanlega skoðunarferð. Mikilvægt að hafa í huga að sýningin geti flætt út úr gestastofunni og á útisvæðið. Þannig er sá hluti alltaf opinn og aðgengilegur. Stefnt er að því að fara í skoðunarferð í tengslum við svæðisráðsfund í lok september. Þjóðgarðsverði falið að gera drög að dagskrá fyrir ferðina. Gert ráð fyrir að styrkur nýtist í ferðir og uppihald, en laun greiðist eftir því sem það á við, af viðkomandi sveitarfélagi/félagasamtökum.*

**Fundargerð ritaði:** Fanney Ásgeirsdóttir, þjóðgarðsvörður.

Fundi slitið kl. 12:00.